


2. tölublað, 6. árgangur. Desember 2010

FRÍMÚRARINN

Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi





Þín verslun
Seljabraut

25 ára!



**Við erum í sannkölluðu hátíðarskapi,
frábær afmælistilboð og
25% afsláttur í hverri hillu!**

Þín verslun, Seljabraut í Breiðholti fagnar 25 ára afmæli um þessar mundir. Á þessum árum höfum við eignast marga góða vini sem helst vilja hvergi annars staðar versla. Við höfum nefnilega alltaf lagt mikið upp úr því að veita persónulega þjónustu í hlýlegu umhverfi.

***Kíktu í heimsókn,
við tökum vel á móti þér.***



Kjölföt

- Fjórðing í glæsileika



- Úrval kjölfata
- Kjólshyrtur
- Lakkskór
- Hattar
- Fylgihlutir

Ég hef borið ábyrgð á klæðaburði þúsunda karlmannna í þrjá áratugi. Ég er þakklátur fyrir traustið sem viðskiptavinir hafa ávallt sýnt mér.

Sigurður Þorláksson. Bobo

Sigurður Þorláksson (Bobo)



karlmenn

Laugavegi 7 Sími: 551 3033



Grand

RÁÐSTEFNUR OG VEISLUHÖLD

Hjá **Grand Hótel Reykjavík** leggjum við okkur fram um að bjóða bestu og tæknilega fullkomnustu ráðstefnuaðstöðu á landinu.

Á hótelinu er frábær aðstaða fyrir 6–450 manna ráðstefnur, 14 funda- og veislusalir og aðstaða fyrir stórsýningar og stórar og smáar veislur. Fjarfundir og beinar útsendingar.

Grand Hótel Reykjavík / Sigtúni 38 / 105 Reykjavík
Sími 5148000 / Fax 5148030 / www.grand.is / radstefnur@grand.is



Fagmennska í fyrirrúmi



Háaleitisbraut 58-60 • Sími 553 1380



Hjá Úlfari

Er fiskurinn of góður fyrir þig?



Við upphaf nýs starfsárs

Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi
Skúlagötu 53-55,
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

Ritstjóri

Steingrímur S. Ólafsson (IX)
denni@islandia.is

Ritstjórn

Guðbrandur Magnússon (IX)
gudbrandur.magnusson@gmail.com

Ólafur G. Sigurðsson (IV/V)
olafurs@granthornton.is

Pétur S. Jónsson (IV/V)
pedro@medialux.com

Páll Júlíusson (IX)
pj@pj.is

Pór Jónsson (III)
thor@pressan.is

Auglýsingar

Páll Júlíusson (IX)
pj@pj.is

Prófarkalestur

Bragi V. Bergmann (VII)
bragi@fremri.is

Netfang

Greinar sendist til
frimur@centrum.is
merktar: Frímúrarinn

Prentun:

Litlaprent ehf., Kópavogi

Efni greina í blaðinu eru skoðanir höfunda og þurfa ekki að vera í samræmi við skoðanir Reglunnar.

Höfundar efnis framselja birtingarrétt efnisins til útgefanda. Ritstjórn áskilur sér rétt til að ritstýra aðsendu efni.

Forsíðumynd

Regluheimilið í Reykjavík.
Ljósmyndari: Rúnar Hreinsson.

„Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið. Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á meðal.“

Vetur er genginn í garð eftir hlýtt og bjart sumar. Ég vona að bræðurnir og fjölskyldur þeirra hafi notið veðurblíðunnar í sumar. Nýtt starfsár er hafið og ég býð alla bræður velkomna til starfa. Reglustarfið hefur farið vel af stað og gefur það góð fyrirheit um ánægjulegt og árangursríkt starfsár.

Í júnímánuði sl. efndi sænska Frímúrarareglan til mikillar hátíðar í Stokkhólmi til að minnast þess að í ár eru 275 ár liðin frá stofnun fyrstu frímúrarastúkunnar í Svíþjóð. Þar með hófst frímúrarastarf á Norðurlöndunum. Til hátíðarinnar var boðið nokkrum fulltrúum erlendra frímúrarareglna og vorum við Lilja fulltrúar Frímúrarareglunnar á Íslandi. Aðal viðburðurinn var hátíðarkvöldverður í ráðhúsi Stokkhólms þar sem saman komu tæplega eitt þúsund gestir. Daginn eftir var hátíðarmessa í Gustav Vasa kirkjunni.

Í hátíðarkvöldverðinum flutti Stórmeistari dönsku Frímúrarareglunnar, Hans Martin Jepsen, ávarp fyrir hönd íslensku, norsku og dönsku Reglnanna og afhenti sænsku Reglunni sameiginlega gjöf gestanna. Var það stór silfurbakki með áletraðri afmæliskveðju.

Í tilefni 275 ára afmælisins réðust sænskir bræður í útgáfu merkilegs ritverks um Carl XIII. Hann átti mestan þátt í að skapa sænska frímúrarakerfið, sem við störfum eftir og sem staðið hefur lítið breytt frá því um aldamótin 1800. Unnið hefur verið að því að afla eintaka fyrir bókasafn Reglunnar.

Íslenskir frímúrarabræður óska sænskum bræðrum innilega til hamingju með merkan áfanga í frímúrarastarfinu.

Í lok apríl samþykkti Æðsta ráð Reglunnar stefnumótun fyrir Jóhannesarstúkurnar til næstu 10 ára. Þessi stefnumótun hafði verið lengi

í undirbúningi en upphafið má rekja til umræðna og ályktana í Stúkuráði fyrir meira en tveimur árum. Samráð hefur verið haft við fjölda bræðra og leitað sjónarmiða og hugmynda, meðal annars frá stólmeisturum Jóhannesarstúknanna.

Tilgangur stefnumótunarinnar er að ná eftirfarandi markmiðum:

1. Að bræðrahópurinn haldi áfram að vaxa.

2. Að auka virkni og áhuga bræðra.

3. Að styrkja innbyrðis kynni í bræðrahópnum.

4. Að mæta breyttum aðstæðum í fjölskyldulífi bræðra.

Stefnumótunin er í 9 liðum. Stærsti þátturinn er að á næstu 10 árum verði stofnaðar 4-5 nýjar Jóhannesar-

stúkur, þ.e. að jafnaði ein ný stúka annað hvert ár. Jafnframt verður smám saman dregið úr fjölda funda á I. og III. stigi í hverri stúku um sig og bræður hvattir til að heimsækja aðrar stúkur í staðinn. Þá verður aldurstími í embættum stytur til að fleiri bræður fái tækifæri til að gegna embættum. Þá er áformað að frá og með næsta starfsári hefjist fundir almennt kl. 18.30 í stað 19.00 og að fundir verði styttr án þess að efni ritúala verði breytt. Í einhverjum tilvikum, utan Reykjavíkur, kann breyting á fundartíma ekki að henta og verða ábendingar um slíkt teknar til greina þar sem því verður við komið.

Á næstum mánuðum verður unnið að útfærslu þessarar stefnumótunar og mun það verða verkefni Stúkuráðs. Það er sannfæring mín að hér sé stig-ið heillaskref fyrir Frímúrararegluna á Íslandi sem mun styrkja hana enn frekar í framtíðinni.

Valur Valsson SMR



Valur Valsson.

Allt frá hattí oní skó



Hátíðavesti (5 hnappa)



Lakkskór (ný tegund)



Hattar



Kjölskyrtur



Gjafavara - Gjafavara - Gjafavara - Gjafavara

Fylgihlutir - Fylgihlutir - Fylgihlutir - Fylgihlutir

Snapsa-glös



Viski-glös



Koniaks-glös



Karaffla með 4 glösum



Ermahnappar



Brjósthnappar



Lindaklemma/bindisnæla



Smeygur



Mürskeið sem bréfahnifur



ADAM



Laugavegi 47 - Sími: 551 7575 & 552 9122



Það var glatt á hjalla þegar Kristján Jóhannsson söng lög Sigfúsar Halldórssonar á sérstöku Fúsakvöldi í Regluheimilinu. Ljósmyndir: Jón Svavarsson

„Fúsi og flugurnar“ – tónleikar til heiðurs Sigfúsi Halldórssyni

Í tilefni þess að hinn ástkæri tónlistarmaður Sigfús Halldórsson, eða Fúsi, hefði orðið nírræður á þessu ári, stóð St. Jóh.stúkan Gimli fyrir sérstöku Fúsakvöldi í Regluheimilinu þann 22. október síðastliðinn, þar sem br. Þorsteinn B. Sæmundsson leiddi fullan hátíðarsal af bræðrum og

systrum í gegnum feril Fúsa, líf hans og list, í máli og tónum.

Það seldist hratt upp á þennan viðburð og gestir urðu ekki fyrir vonbrigðum með flutning fjölmargra úrvals söngvara og Kórs Frímúrara á helstu perlum Fúsa.

Á tónleikunum komu fram Einar

Clausen, Eiríkur Hreinn Helgason, Friðbjörn G. Jónsson, Guðbjörn Guðbjörnsson, Gunnar Guðbjörnsson, Ívar Helgason, Kristján Jóhannsson, Jónas Þórir, Jón Kristinn Cortez, Bjarni Sveinbjörnsson og Örnólfur Kristjánsson. Egill, Diddú og hljómsveit léku undir borðhaldi.



Örnólfur Kristjánsson lék á selló.



Pétur K. Eyrason, YAR, og Ásthildur Helgadóttir, eiginkona hans, nutu tónleikanna í hvívetna.



Allan V. Magnússon, HSM, tók við viðhafnarútgáfu af tónverkum Sigfúsar Halldórssonar, sem útfendur og börn Sigfúsar færðu Reglunni að gjöf í borðhaldi eftir tónleikana.

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Arnór L. Pálsson
frankvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfararstjóri



Frímánn Andrésson
útfararþjónusta



Svafar Magnússon
útfararþjónusta



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

*Þegar andlát
ber að höndum*

*Önnumst alla þætti
útfararinnar*



**ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Átt þú verðmæti eða gögn sem þurfa að vera

ÖRUGG?



Eitt mesta úrval landsins af öryggiskápum
fyrir fyrirtæki og einstaklinga

Hafðu samband við sölumenn okkar
og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig

S T O F N A Ð 1 9 5 3

OPTIMA

Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

www.optima.is



Frá fræðsluþinginu Kapítuli VII°. Ljósmynd Jón Svavarsson



Séra Vigfús Þór Árnason á samverustund í Grafarvogskirkju. Ljósmynd: Jón Svavarsson

Fræðslufundir og samverustundir

Innan Frímúrarareglunnar á Ísland er starfrækt umfangsmikið og margþætt fræðslustarf. Í raun er sú staðreynd merkileg í ljósi þess að það er í höndum bræðranna sjálfra að leita sér menntunar og þeir í raun hvattir til sjálfstæðra rannsókna og þekkingaröflunar, en umfram allt leggja sjálfstætt mat á það sem þeir sjá, heyra og lesa sér til um.

Fræðslan innan Reglunnar kemur úr mörgum áttum. Á fundum starfsstúknanna eru reglulega haldin fræðsluerindi auk þess sem haldnir eru sérstakir fræðslufundir sem ætlaðir eru ákveðnum stigum stúknanna. Öll slík fræðsla er undir yfrumsjón Fræðaráðs Reglunnar sem auk þess heldur utan um fjölbreytta starfsemi sem beinist á sömu braut. Í því sambandi er nærtækast að nefna Bókasafn Reglunnar, Minjasafn, Skjalasafn og Heimasíðu Reglunnar. Eitt ljósasta dæmið um þetta starf er síðan þetta tímarit, sem þú heldur nú á br. minn, þ.e. Frímúrarinn.

Þann 23. október sl. hélt St. Jóh. Rannsóknastúkan Snorri sinn fyrsta fund eftir stofnun og var hann haldinn á Akureyri í samstarfi við St. Jóh. st. Rún. Á fundinum flutti Jón Birgir Jónsson, R&K, fv. HSM, rannsóknar-erindi sem nefndist „Upphaf og þróun frímúrarastarfs í Danmörku og fyrstu skref frímúrarastarfs á Íslandi“. Þessi fyrsti fundur þótti takast vel og ýtir

undir væntingar um þróttmikið rannsóknastarf á vegum stúkunnar til flutnings á fundum hennar. Eru bræður hvattir til að fylgjast með umfjöllunarefnum stúkunnar í framtíðinni.

Fræðslunefnd Fræðaráðs hóf starf sitt á yfirstandandi starfsári með tveimur viðburðum með stuttu millibili. Annars vegar Samverustund í Grafarvogskirkju sunnudagskvöldið 31. október sl. og hins vegar fræðsluþing um VII° stig reglunnar, Kapítuli VII°, sem var haldið sunnudaginn 7. nóvember sl.

Í Grafarvogskirkju tók sr. Vigfús Þór Árnason, R&K, á móti bræðrum og systurum og sagði frá kirkjunni og listaverkum sem hún hefur að geyma. Dr. Kristinn Ólason, rektor Skálholts-skóla, flutti erindi er hann nefndi „Trú og menning“. Dr. Kristinn er br. í St. Jóh.st. Röðli. Síðan heillaði Gissur Gissurarson, óperusöngvari, kirkjugesti við undirleik Hákonar Leifssonar, organista.

Fræðsluþingið Kapítuli VII° er tvímælalaust stærsti einstaki viðburður á vegum Fræðslunefndarinnar á starfsárinu. Allan V. Magnússon, R&K, HSM, setti þingið og fól Sigmundi Erni Arngrímssyni, IX°, fundarstjórn. Ræðumenn þingsins voru fjórir talsins; Þórir Stephensen, R&K fv. ÆKR, reið á vaðið og fjallaði um uppruna og sögu Kapítulans. Næstur kom Árni Leósson, IX°, rit-

stjóri heimasíðu Reglunnar, og rakti hvernig frímúrarasiðir bárust til Svíþjóðar og hverjir voru aðalleikendur í þeirri þróun. Guðmundur Ólafur Þorsteinsson, R&K, fv. SÆK, fjallaði um trúarlega nálgun stigsins og nefndi hann erindi sitt „Sól sannleikans“. Að lokum flutti Aðalsteinn V. Júlíusson, R&K, E.St.Stv. erindi um húsakynni Kapítulans, salinn sjálfan og búnað. Að loknum framsöguerindum stýrði Örn Bárður Jónsson, R&K, ÆKR líflægum umræðum og fyrirspurnum. Lokaorð flutti síðan Pétur K. Esrason, R&K, YAR og Oddviti Fræðaráðs og þakkaði þeim sem unnu að undirbúningi vel unnin störf svo og þeim 120 br. sem tóku þátt í fræðsluþinginu.

Kapítuli VII° er haldinn í framhaldi að fræðsluþingunum Jóhannes og Andrés og miðað við þátttöku og undirtektir br. er einsýnt að framhald verður hér á, þar sem horft verður til æðri stiga.

Að lokum við ég hvetja br. til að nýta sér þau tækifæri, sem í boði eru, til að afla sér þekkingar og fróðleiks á vegum Reglunnar, en eins og fram kemur hér að framan eru tækifærin mörg og úr mörgu að velja.

Gísli Benediktsson, X°
Formaður Fræðslunefndar
Fræðaráðs



Frá hátíðarfundri Sænsku Reglunnar.

275 ára afmæli afmæli Sænsku Frímúrarareglunnar haldið hátíðlegt

Á þessu ári heldur Sænska Frímúrarareglan upp á 275 ára afmæli starfsemi sinnar, og hefur afmælisárið sett hátíðlegan blæ á frímúrarastarfið um alla Svíþjóð, en sænskir frímúrarar eru yfir 15.000 talsins.

Undirbúningur fyrir hátíðarhöldin hófst þegar árið 2006, enda dagskráin umfangsmikil, og mikið lagt upp úr því að kynna starfsemi Reglunnar út á við, sögu hennar og sess í samfélaginu, ásamt því að fræða bræðurna sjálfa betur um merkilega sögu sinnar eigin Reglu.

Afmælisárið hófst þegar í janúar með útkomu veigamikillar bókar sem rannsóknarstúkan Carl Friedrich Eckleff vann með Reglunni um Karl Hertoga, síðar Karl XIII konung,

en hann átt drjúgan þátt í að skapa og koma á sænska kerfinu sem allar stúkur á Norðurlöndum vinna eftir enn þann dag í dag. Auk þess var gefin út bók um 275 ára sögu Reglunnar, og DVD diskur með stuttu ágripi af sögu sænsku Frímúrarareglunnar.

Nánari upplýsingar um bækurnar og hvernig má panta þær er að finna á <http://frimurarorden.se>

Þann 5. júní var haldin Hátíðar- og veislustúka í Regluhúsinu í Stokkhólmi, þar sem yfir borðum var fluttur leikþáttur um sögu Reglunnar, og síðan klykkt út með tónleikum. Regluhúsið var á þeim degi opnað almenningi til skoðunar og sérstök hátíðarmessa var síðan haldin í Gustaf Vasa kirkjunni í Stokkhólmi daginn eftir, eða þann 6.

júní, sem er einnig þjóðhátíðardagur Svía.

Frímúrarastarfið í Svíþjóð er dreift um fjölmargar borgir og bæi, og mikil áhersla hefur verið lögð á að allar stúkur taki ríkan þátt í hátíðarhöldunum á sinn hátt í sínum bæjarfélögum, til þess að auka almenna vitund um stúkustarfið. Undir Sænsku Frímúrarareglunni starfa nú 38 St. Jóh. stúkur, 22 St. Andrésarstúkur, ein Stúartstúka og sjö Kapítulastúkur, auk 10 stúkna á mismunandi stigum í sænskumælandi Finnlandi.

Afmælisárið hefur þannig nú þegar aukið almenna vitund um frímúrarastarfið í Svíþjóð, sögu þess og framtíð, en ásókn í Sænsku Frímúrararegluna er mikil og starfsemin blómleg.

In memoriam

Bræður horfnir til Austursins Eilífa

Aage Foged – Edda IX
F. 15.03.1922, D. 24.04.2010

Agnar Þór Hjartar – Gimli IX
F. 09.07.1947, D. 28.11.2009

Ásgeir Jónsson – Mímir X
F. 07.12.1920, D. 29.09.2010

Benedikt Bjarnason – Njála X
F. 09.05.1925, D. 20.10.2010

Björn Björnsson – Hamar VIII
F. 08.06.1947, D. 18.12.2009

Björn Önundarson – Mímir IX
F. 06.04.1927, D. 10.01.2010

Davíð Guðbergsson – Edda X
F. 21.03.1928, D. 21.01.2010

Einar Hreiðar Árnason – Gimli X
F. 18.12.1921, D. 28.02.2010

Einar B. Kvaran – Njörður X
F. 09.11.1947, D. 23.05.2010

Einar Ólafsson – Njála VIII
F. 27.03.1942, D. 21.10.2010

Einar Þorsteinsson – Gimli X
F. 27.08.1926, D. 14.03.2010

Engilbert Sigurðsson – Mímir X
F. 14.04.1918, D. 07.05.2010

Gísli Guðmundsson – Glitnir X
F. 31.12.1912, D. 20.12.2009

Gísli Ragnar Pétursson – Mímir X
F. 08.12.1937, D. 02.02.2010

Grétar Sigurðsson – Glitnir IX
F. 02.02.1938, D. 05.08.2010

Grétar G. Vilmundarson – Edda IX
F. 13.02.1950, D. 14.06.2010

Guðfinnur Sigurðsson – Edda VIII
F. 16.11.1940, D. 18.11.2009

Guðlaugur Guðjónsson – Mímir X HMR
F. 02.04.1913, D. 17.01.2010

Guðleifur Sigurjónsson – Sindri X
F. 01.10.1932, D. 28.06.2010

Guðmundur Helgason – Njála IX
F. 24.06.1933, D. 14.08.2010

Gunnar Hreiðar Árnason – Edda X
F. 05.05.1928, D. 14.11.2009

Gunnar G. Einarsson – Glitnir X
F. 05.05.1929, D. 23.01.2010

Gunnar Geirsson – Edda IX
F. 18.12.1934, D. 14.05.2010

Gunnar L. Gissurarson – Edda III
F. 24.08.1949, D. 14.07.2010

Gunnar Álfar Jónsson – Röðull X
F. 03.04.1934, D. 22.05.2010

Gunnar Magnússon – Mímir VIII
F. 11.11.1964, D. 08.08.2010

Heiðmundur Sigurmunds – Edda X
F. 23.02.1935, D. 13.07.2010

Helgi Indriðason – Rún IX
F. 21.02.1925, D. 25.04.2010

Jarl Sigurðsson – Gimli X
F. 27.04.1922, D. 23.11.2009

Jóhann Ágústsson – Mímir R&K
F. 04.05.1930, D. 23.09.2010

Jóhann Ari Guðmundsson – Mímir X
F. 25.03.1925, D. 29.10.2009

Jón Trausti Eyjólfsson – Edda IX
F. 22.11.1927, D. 20.07.2010

Jón Magnússon – Glitnir V
F. 30.11.1926, D. 30.03.2010

Jón Þorgrímsson – Rún IX
F. 23.07.1933, D. 24.11.2009

Jónas Helgi Ólafsson – Mímir I
F. 11.10.1973, D. 22.01.2010

Kristófer Þorgeirsson – Akur IX
F. 04.02.1929, D. 09.10.2010

Leif Steindal – Akur III
F. 19.10.1939, D. 15.04.2010

Magnús Sigurðsson – Sindri IX
F. 21.01.1950, D. 13.09.2010

Marías Þ. Guðmundsson – Njála X
F. 13.04.1922, D. 17.03.2010

Marteinn H. Friðriksson – Hamar IX
F. 24.04.1939, D. 10.01.2010

Oddur Geirsson – Edda X
F. 10.05.1921, D. 15.10.2010

Ólafur B. Finnbogason – Mímir X
F. 14.12.1918, D. 21.05.2010

Óli Valdimarsson – Rún X
F. 17.12.1934, D. 04.12.2009

Páll Janus Þórðarson – Njála X
F. 23.02.1925, D. 31.03.2010

Pétur Karlsson – Edda VI
F. 24.05.1919, D. 09.08.2010

Pétur Sigurgeirsson – Rún R&K
F. 02.06.1919, D. 03.06.2010

Rögvaldur E. Finnbogason – Hamar V
F. 13.05.1925, D. 01.02.2010

Rögvaldur H. Haraldsson – Mímir X
F. 17.06.1934, D. 12.11.2009

Sigmar Grétar Jónsson – Edda X
F. 20.02.1929, D. 21.08.2010

Sigurður Arnórsson – Edda X
F. 15.01.1927, D. 15.07.2010

Sigurður Guðmundsson – Rún X HMR
F. 16.04.1920, D. 09.01.2010

Stefán Eiríksson – Gimli X
F. 03.10.1934, D. 12.06.2010

Steinn Þ. Steinsson – Mælifell VII
F. 04.02.1931, D. 22.08.2010

Sæmundur Hafsteinsson – Njörður VI
F. 22.03.1954, D. 19.06.2010

Tómas Pétur Óskarsson – Gimli X
F. 14.07.1926, D. 15.05.2010

Walter Helgi Jónsson – Glitnir III
F. 21.09.1933, D. 01.12.2009

Þorvaldur Steingrímsson – Gimli X HMR
F. 07.02.1918, D. 27.12.2009

Stúkufundur í Libreville

Frímúrararabuxur með uppbroti

„Við verðum að kaupa á þig svartar buxur seinna í dag,“ sagði Emanuel vinur minn, þegar ég sagðist ekki eiga dökkar buxur sem væru við hæfi á frímúrararafundi kvöldið eftir. Stúkuklæðnaður þarna undir miðbaug er hvít stuttermaskyrta, svört þverslaufa og svartar buxur. Skyrtna átti ég til. Slaufuna gat ég fengið lánaða, en svartar buxur yrði ég að kaupa, ef ég ætlaði að þiggja boð bræðranna.

Þeir voru augsýnilega jafn spenntir og ég, þeir Emanuel, Jean-Jacque og Caron. Þeir eru dæmigerð „blanda“ íbúa Gabon. Emanuel á hvíta móður og svartan föður og er því ljósbrúnn á hörund. Jean-Jacque er franskur og náfölnur, en Caron gæti varla verið svartari. Sannkallaður blámaður.

Emanuel er verkfræðingur. Hann rekur sína eigin stofu í Gabon. Hann vinnur mikið fyrir olíufyrirtækin Total og Elf, byggir og skipuleggur m.a. bensinstöðvar og skrifstofuhúsnæði. Jean-Jacque er aftur á móti garðyrkjufræðingur frá Frakklandi. Hann hefur komið sér upp ákaflega falgri garðyrkjustöð í Libreville. Þar geturðu séð ævintýrlega falleg blóm og jurttir, auk þess sem í stöðinni búa bæði apar og páfagaugar, sem hafa eins gaman af því að skoða þig eins og þú þá! Caron er gamall kunningi tengdajölskyldu dóttur minnar. Hann var heimagangur á heimili þeirra lengi vel. Ég hafði ekki hugmynd um störf hans. Hann var forstjóri hjá stóru fyrirtæki, váttryggingafélagi, held ég. Caron er vel þekktur í Gabon – hann virtist vera alls staðar þar sem maður kom.

Libreville kom mér töluvert á óvart. Í fyrsta sinn sem ég heyrði minnst á Gabon var í langri tímaritsgrein um Nóbelsverðlaunahafann Albert Schweitzer, lækni og organista. Schweitzer lét byggja spítala árið 1913 í nágrenni Lambaréné í vesturhluta Gabon. Hann lét líka flytja stórt pípuorgel til landsins og kom því fyrir í skógarrjóðri, eftir því sem sagan segir. Þar spilaði hann prelúdíur, aðallega eftir J.S. Bach, til þess að ná úr sér stressinu á spítalanum.

Í þessari sömu grein var talað um Libreville sem stórt sveitaþorp, söðalegt og óásjálegt. Í dag minnir borgin helst á enska iðnaðarborg, Leeds eða Bradford, en töluvert hreinni á að líta.

Miðborgina prýðir stórt og fallett þinghús, sem er gjöf Kínastjórnar til Gabonsku þjóðarinnar, eftir því sem ég best veit. Til Libreville komu 180 byggingaverkamenn frá Sjanghæ og byggðu þinghúsið á metfíma.

Húsið er borgarprýði, en verkamennirnir fóru aldrei heim. Þeir settust að í borginni. Kínverskum veitingastöðum fjölgaði skyndilega um meir en helming í Gabon!

Þrátt fyrir uppgang í byggingaframkvæmdum í Libreville hefur gatnagerð og viðhald vega verið látið sitja á



Ólafur Stephensen.

hakanum. Það var því ótrúlega óþægilegur akstur heim til indverska klæðskerans, sem Caron sagði okkur að heimsækja, til þess að fá hjá honum svartar buxur. Það var eins og að innyflin væru komin upp í háls á mér þegar við loksins komumst heim á hlað hjá Lahksman buxnasérfræðingi.

Hús klæðskerans var vægast sagt ömurlegt. Við klöngruðumst yfir sex eða átta smábörn, sem voru að dunda sér við leikföng í inngangi hússins. Við nánari athugun voru leikföngin búin til úr tvinnakeflum og álíka dóti úr fórum klæðskerans. Okkur var vísað inn í forstofuherbergi – vinnustofu meistarans. Þar stóð saumavél, fótstigin Pfaff, eins og amma mín átti á sínum tíma.

Til hliðar við saumavélina var síðan myndarlegt baðkar, eitt af þessum emilérúðu með gylltar ljónslappir. Keríð var yfirfullt af efnisströngum og efnabútum. Síðast en ekki síst var saumaborð meistarans þarna uppi við vegg.

Á borðplötunni var burðarrúm þar sem yngsti fjölskyldumeðlimurinn var geymdur.

Lahksman tók vel á móti okkur. Hann sagðist geta haft buxurnar tilbúnar morguninn eftir. Vinir Carons fengju alltaf forgangspjónustu.

Þegar hann var að taka mál af mér spurði hann hvort ég vildi fá uppbot á buxnaskálmarnar. Ég sagði það ekki nauðsynlegt.


„Ertu ekki að fara á frímúrararafund?“ spurði Lahksman. „Allir embættismennirnir og stóru karlarnir í Reglunni eru með uppbot.“ Hann tók ekki annað í mál en að buxurnar mínar væru með uppbot.

Kvöldið eftir einsetti ég mér að skoða buxurnar hans Carons svo að lítið bæri á. Hann hlyti að vera með uppbot. Mér til mikillar undrunar þurfti ég ekki að skoða buxurnar hans, Caron stýrði nefnilega stúkufundinum. Hann hafði, sennilega af ásettu ráði, ekki talið rétt að segja mér af því að hann væri æðsti maður stúkunnar.

Í forsetakosningum Gabon, sem fóru fram ári seinna, eftir fráfall Omars Bongo, forseta, voru fjórir frambjóðendur taldir eiga mesta möguleika til sigurs. Á ljósmynd sem birtist af þeim í frönsku dagblaði í upphafi kosninga-baráttunnar kom það mér ekki mikið á óvart að Caron væri einn af þeim líklegu.

Ljósmyndin var af fjórum myndarlegum körlum í jakkafötum og með hálsbindi. Aðeins einn þeirra var með uppbot á buxnaskálmunum!

Ólafur Stephensen er búsettur í Aveiro í Portugal um þessar mundir. Hann sækir fundi í stúkunni Musteri Salómons í Aveiro.



„Ef dregin er lína úr stjörnunni á kítartöflunni um fingur Bramante verður til geometria sex arma stjörnu á miðjum myndfletinum.“

Vinci. Til vinstri við Plató má þekkja Sókrates í grænum klæðum að rök-ræða við hóp manna. Fremst á myndinni má þekkja listamanninn Michelangelo sem situr í þungum þönkum og styður sig við teningslaga stein. Brún teningsins er í miðjum myndfletinum. Ef dregin er lóðrétt lína við brún teningsins er hún nákvæmlega fyrir miðri mynd.

Lengst til hægri á myndinni sést ungur maður með svarta húfu á höfði. Þetta er listamaðurinn Rafael. Hann horfir með spurnarsvip á hvítklæddan mann með hvíta húfu við hlið sér. Fyrir framan þann mann standa tveir menn og horfa einnig á þann hvítklædda af athygli. Annar heldur á líkani af stjarnhimni. Hinn, sem virðist vera prins með kórónu á höfði, heldur á jarðlíkani. Fyrir framan þá hallar maður sér fram og teiknar með hringfara á kítartöflu á

Jóla kort: Skólinn í Aþenu

Sú saga er sögð að þrem árum eftir að Leonardo da Vinci lauk við myndina „Síðustu kvöldmáltíðina“, sem múruð var og máluð á vegg í matsal klausturs nokkurs í Mílanó, flæddi áin sem rennur um borgina og fór matsalurinn undir vatn. Myndin á vegg salarins lá þá undir skemmdum. Samkvæmt sögunni var í myndinni falin launsögn sem Leonardo da Vinci bjó yfir og hann vildi varðveita í myndinni. Í öngum sínum ráðfærði hann sig við vin sinn arkitektinn Bramante. Bramante var á þeim tíma arkitekt Páfagarðs. Samkvæmt sögunni ákváðu þeir til öryggis að fela sömu launsögn í myndverkum í Vadikaninu. Fyrir valinu var hallarsalur byggingar sem Bramante var þá að leggja lokahönd á við höll páfans í Róm. Til verksins var ráðinn ungur og efnilegur listamaður að nafni Rafael. Með aðstoð Bramante vann Rafael röð mynda í þennan sal Vadikansins veturinn 1509-ww1510. Salurinn var nefndur „Stanza della Segnatura.“ eða Undirritunarsalurinn.

Ein þessara mynda er kölluð „Skólinn í Aþenu.“ Sviðið í myndinni er stór salur með Rómverskum bogagólfinu. Á töfluna er teiknuð sex arma stjarna. Þennan mann má þekkja sem arkitektinn Bramante. Í kringum hann eru ungir lærisveinar sem fylgjast með. Ef dregin er lína úr stjörnunni á kítartöflunni um fingur Bramante verður til geometria sex arma stjörnu á miðjum myndfletinum. Hún virðist ramma inn myndbygginguna.



Jóla kort Frímúrarareglunnar í ár ber mynd eftir listamanninn Rafael sem nefnist Skólinn í Aþenu.

hvelvingum. Salurinn er opinn og úti fyrir er heiður og bjartur norðurhiminn.

Myndin er í jafnvægi um lóðréttan ás í miðju myndarinnar. Á upphækkun fyrir miðri mynd standa Plató og Aristoteles. Plató bendir einum fingri til himins en Aristoteles vísar fram með hendinni. Með þeim er fjöldi manna sem mynda láréttan ás um fingurbrodd Platós. Plató er sýndur sem eftirmynd Leonardo da

gólfinu. Á töfluna er teiknuð sex arma stjarna. Þennan mann má þekkja sem arkitektinn Bramante. Í kringum hann eru ungir lærisveinar sem fylgjast með. Ef dregin er lína úr stjörnunni á kítartöflunni um fingur Bramante verður til geometria sex arma stjörnu á miðjum myndfletinum. Hún virðist ramma inn myndbygginguna.

Þórarinn Þórarinsson



Hátíðarsalur Regluheimilisins í Reykjavík. Ljósmynd: Rúnar Hreinsson

Allt gert í miklu bróðerni

Í Minjasafni Reglunnar er að finna töluvert af minnispeningum sem hafa verið slegnir og gefnir út við ýmis tækifæri í sögu hennar. Hér í Reglunni hefur skapast hefð fyrir því að gefa út minnispeninga við stofnun stúku eða á merkum tímamótum. Erlendir minnispeningar eru einnig til á safninu og hafa þeir oftast en ekki verið slegnir vegna sérstakra tímamóta.

Minnispeningar heyra til viðfangsefna myntfræðinnar eins og heiðurspeningar eða orður.

Forveri minn á Minjasafni Reglunnar, br. Ragnar Borg, er mikill áhugamaður um myntfræði og henni mjög svo kunnugur.

Ragnar kemur við sögu þegar við skoðum betur minnispeningana á safni Reglunnar.

Ég hef tekið til nokkra minnispeninga, aðallega þó íslenska peninga, til að segja ykkur frá tilurð þeirra og til-



Stefán Snæbjörnsson. Ljósmynd: Rúnar Hreinsson

efni. Þeir eiga þó eitt sameiginlegt að þeir eru allir hannaðir af br. Stefáni Snæbjörnssyni innanhúsarkitekt.

Stefán Snæbjörnsson gekk í Reglunna 1973, í stúkuna Eddu, starfaði þar sem varakennimaður og kennimaður, en var síðar Skjaldarvörður Reglunnar.

Stefán hefur verið fulltrúi „Storlogen för Fria och Antagne Murare“ í Finnlandi frá árinu 1996 og síðan fyrir „Stor-Chaptern för Royal Arch“ í sama landi. Sæmdur þjónustumerki „Storlogen För Fria och Antagne Murare i Finland“ árið 2000. Sæmdur stórþjónustumerki „Den Urgamla och Antagna Ritens Högsta Råd, 33°, i Finland“ og „Gullna Erninum“ árið 2007.

Br. Stefán hefur unnið að margskonar hönnunarverkum fyrir Frímúrararegluna en þar ber helst að nefna Hátíðarsalinn í Regluheimilinu í Reykjavík.

Ég spurði br. Stefán um aðkomu hans að því góða verki.

„Jú, ég var fenginn til að annast hönnun hátíðarsalarins og átti ánægjulegt samstarf með Karli Guðmundssyni, Einari Birni, Jóhanni Ágústssyni og mörgum öðrum bræðrum sem komu að þessu verki, allt miklir sómamenn.“

Sjálfsgagt hafa menn verið með ákveðnar hugmyndir um verkið í upphafi?

„Jú, mikil ósköp, ég lagði fram hugmyndir sem síðan voru ræddar en mikið samstarf var um þetta verk allt saman. Ekki voru menn í



vinnuhópnum þó alltaf sammála um einstök útfærsluatriði, ég man t.d. eftir því að ræddum töluvert um það hvort að þrepin upp í kórinn ættu að vera 7 eða 8 cm að hæð, sem kann að hljóma skondið svona eftir á og þannig var tekist á um fjölmörg atriði útfærslunnar, en auðvitað allt leyst í bróðerni.

Við áttum þó nokkurt samstarf við Dani, m.a. fór ég ásamt verktaka út á Fjón til að skoða og velja eik í loftið, en einingarnar voru unnar í Danmörku og síðan raðað saman hér á staðnum. Ekki verður annað sagt en að það hafi tekist bærilega; engin innþornun í viðnum er sjáanleg, eikin hefur verið gömul og vel verkuð eins og sagt er. Rósettarnar í

loftinu komu frá Englandi en jónísku súlurnar voru gerðar í Kaupmannahöfn á verkstæði „Stukkatörs“ Peter Funder á Amager. Þegar að því kom að setja súlurnar saman varð hann að fá stærra húsnæði og fór frágangur súlnanna fram í skemmu á Íslandsbryggju, sem útaf fyrir sig er skemmtilegt. Lamparnir á veggjunum, með þriggja þrepa kveikingu, voru sérhannaðir og gerðir í Málmosteypu Ámunda Sigurðssonar, fyrirtæki sem mikil eftirsjá er af.“

Þú komst að fleiru varðandi hátíðarsalinn?

„Ég hannaði alla stólana og reyndar einnig bekkina og allt var það smíðað hjá Gamla Kompaníinu, sem ekki er lengur til frekar en svo margt annað í íslenskum iðnaði sem blómstraði á 7. áratugnum. Áður hafði St. Jóh. st. Mímir, fyrir atbeina Stm. Einars Birnis, og nokkurra bræðra stúkunnar, fært Frímúrarareglunni að gjöf 9 stóla embættismanna St. Jóh.stúkna. Þessa stóla hannaði ég en Benedikt Björnsson húsgagnasmiður í Hafnarfirði smíðaði. Bólstrun var gerð af Br. Ásgrími P. Lúðvíkssyni. Þá má geta þess að gólfíð í salnum er gert úr gegnheilli ammoníak-reyktri eik og kom frá Svíþjóð. Þá vann ég með orgelsmiðnum Björgvini Tómassyni og hefði eitthvað að segja um útlit orgelsins sem var seinni tíma viðbót við hátíðarsalinn.“

Ég hannaði alla stólana og reyndar einnig bekkina og allt var það smíðað hjá Gamla Kompaníinu.“

Það voru margir sem komu að endurgerð hátíðarsalarins?

„Já, það komu margir að þessari framkvæmd, fræddir og ófræddir, það orkar því tvímælis að hampa einum frekar en öðrum í þessu sambandi. Stefnumótunin var á hendi þriggja bræðra í æðsta ráði Reglunnar á þeim tíma. Fagurfræðileg og tæknileg ráðgjöf á hendi innanhúsarkitekts og verkfræðinga sem allir eru Reglubræður. Þess ber að geta að aðalverktaki var Sökkull ehf. Umsjónarverkfræðingur var br. Karl Ómar Jónsson.“

Það væri vert að taka sögu þessarar framkvæmdar saman með myndefni sem sýndi framvindu verksins meðan það stóð yfir.

Jón Þ. Þór




Súlur og loft í hátíðarsalnum. Ljósmyndir: Rúnar Hreinsson

Minnispeningar



St. Jóh.st. Hamar 30 ára.

Peningurinn er sleginn í tilefni af 30 ára afmæli Hamars í Hafnarfirði. Hönnun og umsjón með gerð peningsins var á hendi br. Stefáns Snæbjörnssonar. Mótið var grafið og slegið hjá Ís-Spor ehf. í Kópavogi. Á framhlið er stúkumerki Hamars. Á bakhlið teikning af Hafnarfirði, með Hamarinn í baksýn, byggð á gamalli koparstungu frá um 1600. Þetta skal minna á að Hafnarfjörður er talin elsta verslunarhöfn landsins.



Minnispeningur um stofnun St. Andrésarst. Heklu 20. febrúar 2002.

Á framhlið er stúkumerki Heklu ásamt embættistákn-um. Á bakhlið er eldfjallið Hekla. Fyrirmyndin er sótt í ljósmynd br. Rafns Hafnfjörð með leyfi ljósmyndarans. Á kant peningsins eru ritaðar dyggðirnar fjórar, eins og og þær eru skráðar í stúkusal IV/V°.



Minnispeningur um stofnun rannsóknarstúkunnar Snorra 9. apríl 2010.

Á framhlið er stúkumerkið ásamt áletrunum Alfa og Omega, upphaf og endir, ásamt ártali, auk kjörorðs stúkunnar „Sub Columna Sapientiae“, undir súlu viskunnar. Á bakhlið er Snorri Sturluson við skriftir, ásamt handritsbroti frá 15 öld. Upphaf „prologus“ Snorra-Eddu.

Peningurinn var grafinn og sleginn hjá Ís-Spor ehf.



Minnispeningur sleginn í tilefni af 60 ára afmæli St. Jóh. st. Eddu 1979.

Br. Árni Þ. Árnason hafði yfrumsjón með gerð peningsins.

Mótið var grafið hjá Sporrang í Nordtelje í Svíþjóð, en peningurinn var sleginn í brons hjá Ís-Spor ehf. Á framhlið peningsins er stúkumerki stúkunnar ásamt ártölum. Á bakhlið eru súlurnar J & B á tíglagólfi. Í ímynduðu austri er fágaður „kúbus“ með hringfara og hornmáti, tákni anda og efnis.



St. Jóh.st. Rún á Akureyri 50 ára 1982.

Umsjón með gerð peningsins hafði br. Ragnar Borg myntfræðingur. Mótið er grafið og peningurinn sleginn í brons og gullhúðaður hjá Tomas Fattorini Ltd. í Birmingham.

Á framhlið peningsins eru ártölin 5932-5982 og frímúrarahúsið á Akureyri ásamt skjaldarmerki stúkunnar. Á bakhlið, horft til vesturs, „þar sem laununum er úthlutað“. Í forgrunni er hinn hrjúfi steinn og áhöld frímúrarans. Þá súlurnar þrjár og táknataflan með höfuðáttunum fjórum. Lengst í vestri er hinn fágaði steinn, norðurljósinn bera hinum norðlægu heimkynnum stúkunnar vitni, en níu geislar tákna upprisu sólar í austri.



St. Andr.st. Helgafell 50 ára 1984.

Umsjón með gerð peningsins hafði br. Ragnar Borg myntfræðingur. Peningurinn var sleginn í brons í Englandi. Á framhlið peningsins er stúkumerki Helgafells og ártöl. Á bakhlið er Harpokrates, sem áminnir um þagmælskuna „Silentium“. Lóðréttar línur tákna Nílarsefð og vekja til umhugsunar tengingu við launhelgar Egypta.

Ljósmyndir: Guðmundur Skúli Viðarsson

Síðbúnar leiðréttingar á grein í afmælisriti

A hálftrar aldar afmæli Frímúrarareglunnar á Íslandi 2001 gaf Reglan út veglegt afmælisrit. Í þessu riti er grein eftir mig, Áfangar á langri leið, á 49.- 67. bls. Því miður varð mér ónákvæmni í frágangi lokahandrits og prófarkalestri sem ég þarf að biðjast velvirðingar á. Á þeim tíma sem liðinn er hef ég nefnt þetta við marga og sent ýmsum tölvuskeyti, en auðvitað er best að nýta tímarit Reglunnar.

Á 54. bls. í 8. línu að neðan féllu niður nokkur orð. Á eftir „árið 1900“ áttu að koma orðin: „og tveimur árum síðar“. Þá er samhengið þetta: „Fyrst er getið um samkomu frímúrarara á Íslandi á Jónsmessu 24. júní árið 1900 og tveimur árum síðar, en þá komu fjórir Norðmenn og tveir Þjóðverjar saman á Hornbjargi undir berum himni.“

Auk þess er ritvilla á 61. bls. í 4. línu að ofan. Þar stendur „þáverandi“, en þarna á að standa: „þá verðandi“.

Um leið og ég biðst velvirðingar á þessu bið ég alla að færa þessar leiðréttingar inn í eintök sín.

Jón Sigurðsson DSM



Björn Samúelsson, nýr R&K, í góðra vina hópi. Fv; Karl Gunnlaugs-son, Björn Samúelsson, Þórður Kristjánsson og Örn Bergsteinsson.

Ljósmynd: Jón Svavarsson

Björn Samúelsson nýr R&K

Á síðustu Sth. var Björn Samúelsson gerður að R&K. Björn gekk í St. Jóh.st. Sindra 8. desember 1981 og St. Andr.st. Helgafell í október 1985. Hann starfaði um árabíl í embættismannahópi Sindra, var R. frá 1991-1997 og Stm. 1998-2005. Hann var E.Y.stv 2006-2010 og Y.Y.stv. frá 2010. Þá er hann v. oddviti Fræðaráðs.

Jóhann Ágústsson – Minning

Jóhann Ágústsson fæddist 4. maí 1930 og gekk í St. Jóh.st. Mími 1968. Þar gegndi hann fjölda embætta, síðast Stm. Hann hlaut heiðursmerki St. Jóh.st. Mímis. Hann varð R&K 1987.

Í Landstúkunni gegndi hann embætti St.R. Hann var síðan RFH og oddviti Fjárhagsráðs og síðar AMR og oddviti Styrktarráðs. Hann var fulltrúi allra þýskra Reglna sem Frímúrarareglan á Íslandi viðurkennir.

Þegar aldur færir yfir er eðlilegt að í hugann komi orð Bólu-Hjálmars, „Mínir vinir fara fjöld“, maður skilji þau og láti hugann reika til liðinnar tíðar, manna og málefna.

Jóhann Ágústsson var maður vel á sig kominn, bjartur yfirlitum, hógvæer en staðfastur, glaðvæer alvöru- maður og mikill vinur vina sinna.

Hann var bankamaður alla sína starfsævi. Þeirrar gerðar, sem þjóð hans hefði sannarlega þurft að eiga að í starfi sl. tæpan áratug, því að



Jóhann Ágústsson.

Fæddur 4. maí 1930

Dáinn 23. september 2010

við stjórn hans og annarra gætinna, yfirvegaðra og langreyndra bankamanna hefði tæpast farið svo sem nú er reyndin orðin.

Eins og Jóhann var vel virtur

og trúað fyrir miklum ábyrgðar- og trúnaðarstörfum í störfum sínum á sviði banka- og fjármálaálífs, var hann ekki síður vel metinn og virtur í þeim félagsmálastörfum, sem hann tók þátt í utan hins daglega starfsvettvangs.

Við áttum samleið á sumum þeim sviðum og þar var sem endranær að mæta hinum stefnufasta og skipulagða stjórnanda og félagsmálamanni, mannasætti og mannvini og oftast en ekki a.m.k. þátttakanda í fjármálalegri forsjá félagsskaparins og skipulagi þeirrar forsjár.

Í Frímúrarareglunni á Íslandi var Jóhann félagi til áratuga og sinnti stjórnunar- og ábyrgðarstörfum í stúku sinni og síðar í aðalstjórn Reglunnar við traust og vinsældir bræðranna og Reglunnar. Þau miklu og mikilsverðu störf eru honum nú þökkðu enn á ný af Reglu hans og stúku, en minning mikilhæfs bróður lifir meðal bræðranna og í sögu stúku og Reglu.

Einar Birnir



Bach leikur á orgel fyrir Friðrik II Prússakonung í frægri heimsókn tónskáldsins til Potsdam. Herman Kaulbach málaði. T.h.: Úr handriti Bachs að Musical Offering sem tileinkað var Prússakonungi.



Var fimmti guðspjallamaðurinn Frímúrari?

Johann Sebastian Bach (1685-1750) er stundum nefndur fimmti guðspjallamaðurinn þar sem hann lýsti í tónum því sem Matthías, Markús, Jóhannes og Lúkas sögðu á bók. Bach byggði fjölda tónverka á frásögnum úr Biblíunni og hver hefur ekki látið heillast af undursamlegum orgeltónsmíðum hans? Því hefur verið haldið fram að hann hafi í raun og veru viljað reyna á takmörk stóru orgelanna með því að semja sum af sínum sígildu og óviðjafnanlegu orgelverkum. Ef til vill tengist áhugi Bachs á talnagátum Frímúrararfræðunum ekki neitt en grein sem Janos Cegledy í japönsku Frímúrarareglunni hefur skrifað um tónskáldið veldur óneitanlega heilabrotum.

Árið 1747 heimsótti Bach, þá

roskinn maður, hirð Friðriks mikla (1712-1786) Prússakonungs eftir að konungur hafði ítrekað gert honum orð um að koma. Friðrik mikli var einn af völdugustu þjóðhöfðingjum sinnar samtíðar og jafnframt tónskáld gott og flautuleikari. Hann var einlægur stuðningsmaður lista og menningar og hljómlistarelskur með afbrigðum. Hann var Frímúrari og til eru ýmsar sögur um örhlæti hans og miskunnsemi þótt margar þeirra kunni að vera skáldskapur.

Hann hafði ráðið til sín næstelsta son Johans Sebastians, Carl Philip Emanuel (1714-1788), sem á þeim tíma skyggði jafnvel á frægan föður sinn. Hann var framúrskarandi semballeikari og þótti nútímalegt tónskáld.

Bach bar að garði ásamt elsta syni sínum, Wilhelm Friedemann (1710-1784), sama kvöld og Friðrik mikli sjálfur hélt flaututónleika. Þegar hann spurði komu Bachs mun hann hafa gert hlé á tónlistarflutningnum og sagt: Herrar mínir, Bach eldri er hingað kominn.

Konunginum þótti greinilega mikið til þess koma.

Hann gaf Bach ekki einu sinni tækifæri til að dusta af sér ferðarykið og skipta um föt heldur krafðist þess vafningalaust að hann tæki nýjar tegundir af hljóðfærum sem hann hafði eignast til kostanna, þar á meðal slaghörpur eða píanoforte. Bach lék af fingrum fram og bað konung um að gefa sér hugmynd að stafi til að byggja á fúgur og kanónur. Þessi

atburður markaði upphafið að því að Bach samdi eitt af athyglisverðustu verkum sínum sem hann tileinkaði Friðriki mikla og varð þekkt undir heitinu Musical Offering.

Forvitnilegt er að velta þessum atburði og einnig tónsmíðinni fyrir sér út frá sjónarhóli Frímúrarareglunnar.

Þótt konungur bæri mikla virðingu fyrir Johann Sebastiani sem tónlistarmanni, tónskáldi og föður Carls Philips Emanuels er ástæða til að hugleiða hvort eitthvað annað en dálæti á tónlist hafi tengt þessa tvo menn saman. Konungur leggur ekki hljóðfæri sitt frá sér til að bjóða hvaða rusta sem er velkominn í sín hús.

Vitaskuld má rekja hinar konunglegu móttökur til þess að Bach var áberandi og nafntogaður tónlistarjöfur. Þrátt fyrir það voru innilegar viðtökur af þessu tagi harla óvenjulegar svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Hafa má hliðsjón af því hvernig erkibiskupinn í Salzburg tók á móti Mozart (1756-1791) en af því sést að tónlistarmenn, sama hve hæfileikarík þeir voru, þóttu ekki standa framur þjónum.

Við skulum því athuga hvort tónlistin dylji sannleikann um hinar raunverulega ástæður.

Framlag konungsins var stef í C-moll í þremur hlutum. Fyrstu þrjár nóturnar mynda litla þríund og geta minnt á embætti Stm. og Stv. Næstu tvær nótur eru hálfþóni ofar og neðar og kunna að vísa til athafna Sm. Þessu næst koma níu stíglækkandi hálfþónar. Sjö nótur í viðbót fullkomna stefið.

Með þessu grunnstefi vildi Friðrik mikli, bróðir í Frímúrarareglunni, veita Bach innblástur til að nýta snilligáfu sína í þeim tilgangi að semja tónverk.

Takið eftir talnaröðunum; þrír, fimm, sjö og níu og ef til vill eru þær fleiri.

Langsótt? Skoðum þá framvinduna eftir að Bach tók við keflinu.

Tónsmíðin er dulkóðað svar við gambít konungsins sem ætlaði ekki að gera Bach verkið auðvelt. Upphafið er sennilega mjög líkt píanóspuna Bachs þegar fundum þeirra Friðriks mikla bar saman í konungshöllinni í Potsdam; það er svokallað Ricercar, tónsmíðaform fyrir fúgur, og þýðir á ítölsku „að leita uppi“ – leita uppi stef. Heitið er áhugavert og gefur ýmislegt í skyn. Eftirfarandi lýsing er tekin úr bók Alberts Schweitzer um Bach:

„Orðið táknar tónlist sem felur það í sér að við þurfum að „leita“ að einhverju – nefnilega stefi.“

Yfirskrift Bachs byggist svo á bókstöfunum í heitinu Ricercar: „Regis Iussu Cantio et Reliqua Canonica Arte Resoluta“, þ.e. h.u.b. að fyrir-mælum konungs er söngur þessi og það sem honum fylgir listræn kanónísk úrlausn.

Þessu er fylgt eftir með tíu ákaflega flóknum en að sama skapi himneskum kanónum, líkast því að engill en ekki maður hafi samið þær. Í tveimur, þeirri fjórðu og fimmtu, leitast Bach við að bregða upp tónlistarlegri táknmynd. Yfir þá fjórðu, sem er samin í kontrapunktískum stíl, hefur hann skrifað: „Notilus crescentibus crescat Fortuna Regis“, megi miskunn konungs vaxa svo sem þessir tónar. Þeirri fimmtu, sem vindur sig upp nótnaskalann, var gefin fyrisögnin „Ascendenteque Modulatione ascendat Gloria Regis“, eins og umbreytingin hefur sig upp, svo mun og upp hefjast dýrð konungs.

Með því að kanóna getur verið tónlistarleg gestaþraut var venjan að gefa lausnina til kynna með einhverjum hætti. En síðustu tveimur kanónum á undan Tríó sönötu með flautu, sem var augljóslega ætluð Friðriki mikla til að leika á hljóðfæri sitt, fylgja hins vegar engar vísbendingar. Þess í stað er tilvitnun í Biblíuna, „Quar-endo invenietis“, leitið og þér munuð finna. Svárið við þeirri seinni í fjórum köflum er augljóst, en þeirri fyrri í tveimur köflum er – og þarf engum að koma á óvart úr þessu – þríþætt.

En var þá Bach Frímúrari? Með því að engar skrár eru til um upp-töku hans eða aðrar ritheimildir sem tengja hann beinlínis við Frímúrararegluna er óvarlegt að lýsa því yfir að hann hafi verið Frímúrari. Áhugavert er hins vegar að sonur hans, Johann Christian (1735-1782), sem var meðal forkólfa rokkókóstepnu í tónlist, var Frímúrari. Johann Christian bjó í London og var í góðum kynnum við Mozart ungan sem lagði út af verkum hans, kennara síns og fyrirmyndar, þegar hann tók til við að semja fyrstu píanókonsertana sína. Jafnvel þótt engar skjalfestar heimildir séu til um að Bach eldri hafi verið Frímúrari bera tónverk hans, fremur en tónverk flestra annarra tónskálda, með sér hinn sanna anda bræðralagsins. Þau eru samin til heiðurs skapanum,

listilega uppbyggð, fullkomin að allri gerð og mismunandi hlutar þeirra ávallt í tærum samhljómi og miða að því að leysa úr öllum ágreiningi með friðsamlegum hætti. Hvar, ef ekki í hjarta sínu, býr sig sérhver Frímúrari fyrst undir starfið?

Mánuði eftir fundinn með Prússakóngi gekk Bach til liðs við samtök Lor-entz Cristoph Mizler „Corresponding Society of Musical Sciences“ sem var vettvangur fremstu tónskálda þess tíma fyrir fræðilegar bollalaggingar. Meðal þeirra voru Georg Philipp Telemann (1681-1767) og Georg Friedrich Händel (1685-1759). Í félagsskapnum voru nítján félagar og leiðtogi þeirra, Mizler, kunnur stærðfræðingur sem taldi að finna mætti mælanlegan og heimspekilegan grundvöll tónlistar. Bach skrifaði fjölda kanóna sem hann ætlaði félaginu að gefa út og talið er að hann hafi gert ráð fyrir því að það annaðist útgáfu á að minnsta kosti hluta af Musical Offerings og Art of Fuge. Engin önnur verk Bachs eru eins flókin og felld að stærðfræðilegum formúlum og þessi tvö.

Ekki leikur vafi á því að tölfraðilegt táknmal gegndi stóru hlutverk í tónsmíðum Bachs. Dæmi um það eru kórverkin „These are the Holy Ten Commandments“ (BWV 679), þar sem andlag fúgunnar kemur fyrir tíu sinnum, og „Lord is it I?“ úr Matteus-arpassíunni þar sem orðasambandið er endurtekið ellefu sinnum, einu sinni fyrir hvern lærisvein Jesú.

Verður nú hver og einn að gera upp við sjálfan sig hvort honum finnist það líklegt með hliðsjón af tölfraðilegum túlkunarmöguleikum að Bach hafi búið yfir þekkingu á fræðum Frímúrarara. Hvað sem öðru líður er staðreyndin sú að talnafræði og áhugi á merkingu talna hafði miklu meiri þýðingu en við getum nánast gert okkur í hugarlund á sautjándu, átjándu og nítjándu öld.

Þór Jónsson

Aðallega byggt á úrvinnslu hinnar upphaflegu greinar í tímariti sænsku Frímúrarareglunnar.

Heimildir:

<http://www.mastermason.com/fmisrael/musical.html>

Frimuraren, tidskrift för svenska Frimurare orden, 2, 2010

Fyrsti almenni fundur rannsóknarstúkunnar Snorra haldinn á Akureyri

Rannsóknarstúkan Snorri hélt sinn fyrsta almenna fund í Frímúrarahúsinu á Akureyri laugardaginn 23. október 2010. Fundinum stjórnaði Haukur Björnsson, stólmeistari Snorra og með honum við framkvæmd fundarins voru allir embættismenn stúkunnar. Fór fundurinn vel fram og var þeim til mikils sóma sem endurspeglar hinn mikla metnað rannsóknarstúkunnar.

Helsta viðfangsefni fundarins var erindi fyrrverandi HSM Reglunnar, Jóns Birgis Jónssonar, sem fjallaði um upphaf og þróun frímúrarastarfs í Danmörku og fyrstu skref frímúrarastarfs hér á Íslandi. Flutti hann það af skörungsskap og var þeim rúmlega 50 bræðrum sem á hlýddu mikill fengur í orðveitingum hans.

Jón Birgir rakti aðdraganda og þróun frímúrarastarfs í Danmörku árið 1743 allt til þess tíma að Frímúrarareglan á Íslandi var stofnuð árið 1951 og handleiðslu dönsku reglunnar lauk að mestu hér á landi. Jón Birgir var vel heima í efninu en erindi hans var aðeins hluti af samantekt hans um efnið.

Að fundi loknum lá rannsóknarerindi hans frammi fyrir hvern þann bróður sem vildi taka sér eintak. Er þetta erindi númer 1 í vonandi langri röð erinda rannsóknarstúkunnar Snorra.

Vel unnið verk

Að framsöguerindinu loknu fluttu tveir Snorrabræður, sem reyndar eru báðir Rúnarbræður, stuttar um-sagnir en það voru þeir Daníel Guðjónsson og Kristján Már Magnússon. Voru þeir á einu máli um að verkið væri vel unnið og flutt. Úttektir þeirra á efninu gæfu tilefni til þess að lofa verk meistarans og áreiðanleikakönnun þeirra á staðreyndum leiddi ekkert athugasemdir í ljós sem orð væri á gerandi.

Stólmeistari gaf síðan bræðrum færi á að koma með fyrirspurnir og athugasemdir. Allnokkrir lögðu orð í belg og svaraði Jón Birgir af öryggi.



Ólafur Ásgeirsson, fyrrv. Stm. Rúnar, Haukur Björnsson, Stm. Snorra, Jóhann Heiðar Vm. og Hallgrímur Skaptason, R&K, Stj.m. St.st. á Akureyri, á Snorrafundinu. Ljósmyndir: Hannes Garðarsson



Jón Birgir Jónsson og Pétur Breiðfjörð.

Fundinn skrýddi auk hins talaða máls tónlistarflutningur séra Magnúsar Gamalíels Gunnarssonar á orgel stúkunnar.

Bróðurbikar var uppi í risi og gafst mönnum tími til að ræða mál-efni fundarins sem og önnur áður en

gengið var til veislustúku. Í lok bróðurmáltíðarinnar gengu bræðurnir að flygli hússins og spilaði Daníel Guðjónsson undir söng. Sungið var lag St. Jóhannesar rannsóknarstúkunnar Snorra. Höfundur þess er bróðir Grímur Sigurðsson, en textann gerði bróðir Jón Sigurðsson, Dróttseti Stórmeistara Reglunnar. Grímur stjórnaði söngnum og annaðist forsöng. Í þriðja rennsli hljómaði lagið þrýðilega og ljóst er að stúkunni er fengur í að eiga svo vandaða smíð.

Mikils má vænta

Vel er af stað farið og mikils má vænta af rannsóknarstúkunni Snorra í framtíðinni. Næsti fundur verður á Selfossi á ári komanda og fyllsta ástæða til að hvetja bræður um allt land til að gefa sér tíma til að sækja þann fund. Það er Reglunni brýnt að kryfja sögu sína og málefni og hver bróðir ætti að beina huga sínum til ígrundunar og iðkunar hinnar konunglegu íþróttar. Rannsóknarstúkan Snorri er okkur vettvangur í því skyni.

Hannes Garðarsson,
Snorra- og Rúnarbróðir og Rm.
Rúnar

Minningarhátíð



Bent Bjarnason R&K ásamt Einari Einarssyni, R&K, á bak við þá sést í Jón Sigurðsson, R&K, og Júlíus Egilsson R&K. Ljósmyndir: Jón Svavarsson.



Guðmundur Haraldsson og Baldur Friðriksson fv. Vm. Helgafells.

Víst er það gömul og ný venja að minnast látinna (hinna dauðu), trega þá og óska þeim velfarnaðar um leið, en hvernig tengist það allra heilagra og allra sálna messum og hvar kemur Minningarhátíð Landsstúkunnar þar að?

Í grísk-katólsku mun hafa til verið þegar á 3. eða 4. öld e.K. einhvers konar „sálnamessa“ haldin fyrsta helgidag eftir hvítasunnu og Bonifacius IV páfi helgaði Pantheon, áður heiðið hof „allra guða“, sem kristna kirkju 13. maí 609 í minningu píslarvottanna þ.e. helgra andlegra- og veraldlegra hetja.

Þessir gömlu, klóku og oft yfirvegðu karlar stóðu oftast báðum fótum í tveim heimum og vissu mætavel að margar siðvenjur og siðir eru sammannlegir og því rökrétt lífsins saga, eins þótt trúarbrögðin eigi sér síðan sérstaka visku hvert og upplifanir, sem greina á milli þeirra, en Gregoríus páfi III lagaði svo formið til, að frá 731 var minnst allra helgra kristinna manna, ekki aðeins dýrlinganna.

Maímánuður eða framhald hvítasunnunninniber, a.m.k. á norðurhveli jarðar, fögnuð hins nýja vaknandi lífs, þótt einnig sé þar með í för undirstaða kristinnar trúar áframhald lífsins

handan dyra dauðans og því fór svo að um 830 ákvað Gregoríus páfi IV að dagur hinna dauðu væri langtum réttar settur 1. nóvember, þegar allur jarðargróður eða umgjörð lífsins gengur á vald sýnilegs dauða til síðan endurnýjunnar sama lífs að lokinni náttúrulegri umbreytingu og þar höfðu menn jú lengi „blótað“ komandi vetri í fornum siðum ýmsum.

Allöngu síðar, þ.e. í Cluny 998, fundu menn af visku sinni og gæsku hjartans að slíkri hátíð minninganna ættu fleiri að eiga hlut að en sannheilagir menn einir, venjulegir og fátækir kristnir bræður og systur ættu þar óskoraðan hlut og til varð allra sálna messa 2. nóvember.

Í hinum fornu siðum héldu menn „vetrarblótshátíðir“ til árgæsku sér og sínum, sem féll vel að hinum kristna sið að minnast með viðhöfn hinna dauðu og með táknrænum hætti fylgja lífslogi þeirra, sem svo oft er kallaður neisti Guðs til að knýja dyra þeirra hýbýla, þar sem sá litli neisti eða log getur umskryðst og fengið skjól þeirrar tjaldbúðar eða stúku, sem þau hýbýli geyma, svo sem segir í 7. kafla Opinberunnar- bókarinnar og í 5. kafla Mattheusarguðspjalls og sannarlega má þá halda hátíð í minningu hinna dauðu.

Auðsætt er að um ævagamlan katólskan sið er að ræða, en svo var hann rótgróinn í vitund íslenskrar verunnar, að jafnvel þótt Guðbrandur biskup Þorláksson amaðist við honum hélst allra heilagra messa sem helgidagur allt til ársins 1770, þegar hann hættir sem slíkur, en lifir sem sameinaður einn minningardagur allra heilagra og allra sálna dauðra í lútherskri kristni, svo sem sá siður einnig kallast á við rökræðu Páls í 15. kafla fyrra Korintubrúefs.

Skyllt er að geta þess hér að til hafa orðið í tímans rás fleiri en eitt afbrigði þessarar hátíðar og af þeim lifir sérstöku lífi sameinuð fleiri en eitt afbrigði keltneskrar (írskrar og skoskrar) „vofutrúar og meðferðar“, sem síðan afbakaðist æði mikið við flutning iðkenda til Norður-Ameríku, sem og týndu þessum uppruna sínum og kallst a.m.k. nú „Halloween“ færð til íslensku „hrekkjavaka“.

Hið sænska kerfi frímúrara hefur haldið fallega á þessari gömlu kristnu minningarhátíðarhugsun um sameiginlega saknaðar- og fagnaðarhátíð vegna hinna dauðu með Minningarhátíð Landsstúkunnar.


EinarB irnir

Mikilvægi táknmáls og líkinga í frímúrarastarfi


Það dylst fáum þeim sem eitthvað hafa kynnt sér starf frímúrara, að það grundvallast að hluta til á táknum og líkingum. Vegferð okkar sem frímúrara skýrist og afmarkast með því sem við lærum að skilja og nota þessi tákn okkur til hagsbóta, á sífellt dýpri hátt.

Metsöluhöfundar keppast við að skrifa vinsælar bækur um tákn frímúrarastarfsins og merkingu þeirra, og sem dæmi má nefna að ein vinsælasta bók síðustu ára fjallar um týnt frímúraratákn (sem við vissum reyndar ekki einu sinni að við værum búnir að týna). Regluhúsin okkar eru skreytt alþjóðlegu tákni frímúrara, hornmáti og hringfara, tákni sem flest allir tengja réttilega við starfsemi okkar.

En af hverju notum við tákn, kynni einhver að spyrja. Er þetta ekki bara vesen? Væri ekki auðveldara að skilgreina merkingu þeirra á rökstuddan og sannfærandi hátt svo að enginn vafi léki á réttri túlkun þeirra? Þá væru þau úr myndinni, og eftir sætu staðreyndir sem nægja ættu hverjum manni til góðra starfa?



Ljósmyndir: Guðmundur Skúli Viðarsson



Mikilvægi tákna er síst vanmetið. Þau hafa sterkari og margbrotnari þýðingu en orð.

Tákn og líkingar sem ekki eru skilgreind á of nákvæman hátt gera okkur kleift að túlka þau eftir okkar eigin nefi, og veita okkur þannig rými til þess að ljá þeim okkar persónulegu merkingu. Og þetta er mikilvægt á margan hátt. Fyrir það fyrsta er okkar persónulega merking og sannleikur alltaf það sem við hlýðum best, á meðan sannleikur annarra manna er okkur oft auðhrekjanlegur. Jafnvel innan reglustarfsins eru ólíkar skoðanir meðal bræðra okkar á því hvernig megi skilja og skýra hin ýmsu tákn og líkingar frímúrarastarfsins. Og það er ekkert að því, þvert á móti. Ekki hamlar það okkur við sameiginleg störf okkar nema síður sé.

Á heimsvísu inniheldur starf okkar bræður af mjög ólíkum menningarlegum uppruna og jafnvel misjöfnum trúarbrögðum. Allir eigum við sameiginlega vegferð okkar, og tungumál Reglunnar gerir okkur kleift að upplifa starfið á sama hátt

um víða veröld, að tengja sannleika okkar eigin gilda og upplifun við algild og alþjóðleg tákn.

Einungis með tilvist þessa sveigjanleika hefur frímúrarastarfið náð að verða svo útbreitt og óumdeilt meðal bræðrana sem raun ber vitni. Á sama hátt er auðvelt að fullyrða að tákn málið hefur átt mikið auðveldara með að standast tímans tönn en rituð orð, sem oftast en ekki eru nátengd tíðaranda og persónulegum gildum höfunda. Með öðrum orðum má segja að skilgreining tákna takmarki þau undantekningalaust til lengri tíma lítið, og dragi úr mikilvægi þeirra.

Bróðir Albert Pike, þekktur nítjándu aldar kennimaður í frímúraravísindum orðaði þetta á eftirfarandi hátt:

„Frímúrarareglan notar fornar leiðir til kennslu, tákn hennar eru leiðbeiningarnar sem hún gefur, og erindi og fræðsla eru oft lítið annað en hlutlægar og einhliða tilraunir til þess að túlka þau. Sá sem ætlar sér að ná árangri í frímúrarastarfinu má ekki láta sér nægja að hlusta á og jafnvel skilja erindin, heldur verður hann með hjálp þeirra og vegleiðslu að túlka og þróa merkingu tákna fyrir sjálfan sig.“

Hér er að finna mikilvægan sannleika, táknið bíða okkar eigin túlkunar og upplifunar, og krefjast hennar meira að segja.

En það kann samt að vekja spurningar hvers vegna Reglan hylur merkingu í hlut eða tákni sem við fyrstu sýn kann að vera alls ótengd henni? Hvers vegna notum við til dæmis verkfæri steinsmiða miðalda í starfi okkar?

Fyrir utan allar sögulegar tengingar, er þetta ekki eingöngu gert til

Þess að skapa dulúð. Maðurinn hefur þrefalda náttúru, hann hefur líkama og skilningarvit sem koma honum í samband við veraldlegan heim, hann hefur heila sem gerir honum kleift að öðlast skilning á þessum heimi, og hann býr yfir anda, sem við getum kallað ímyndunarafli eða sál, sem vinnur með líkamlegu hlið hans án þess að vera þó tengdur honum nema í gegnum skilningarvitin.

Tákn er orð í tungumáli andans. Sé því tákn breytt í orð sem höfða einungis til rökhugsunar, tapast andi þess og sönn merking. Allt það sem tilheyrir frímúraravísindunum sem hægt er að færa í orð á blað, inniheldur ekki anda Frímúrarareglunnar nema að takmörkuðu leyti. Það á líka við um þessi skrifuðu orð. Ef við reiddum okkur eingöngu á orð eða hugmyndir gæti starf okkar ekki höfðað til manna um heimsbyggðina alla.

Frímúrarareglan kennir gildi sem kalla mætti allsherjargildi, hún gefur þau til kynna á alþjóðlegu tungumáli



sem skilið er af öllum frímúrum án orða. Það tungumál er tungumál táknanna, tungumál hjartans, sálarinnar og andans.

Með ímyndunaraffi okkar getum við þýtt merkingar táknanna til sálarinnar, eða andans á okkar eigin hátt. Sá sem sér í hornmátinu aðeins einfalt smíðaverkfæri sér aðeins hluta myndarinnar.

Þannig má segja að táknin séu tungumálið sem Reglan notar til þess að tala til andans, tungumál sem hver maður les og skilur eftir eigin bestu getu og reynslu. Frímúrarastarf án tákna og líkingarmáls væri innan-tómt.

Metsölurithöfundurinn Dan Brown var nýlega spurður af því hvers vegna honum væru frímúrarar svo hugleiknir sem raun ber vitni. Svar hans var merkilegt í samhengi þess sem hér hefur verið skoðað:

„Í heimi þar sem stríð eru háð um það hvaða skilgreining á Guði sé réttust get ég ekki nægjanlega lýst aðdáun minni og virðingu á samtökum þar sem menn misjafnrar trúar brjóta brauð saman bundnir bræðralagi, vináttu og kærleika.“

Þessa staðreynd, langlífi frímúrarareglunnar og styrk hennar getum við að stórum hluta til þakkað sterku táknmáli Frímúrarareglunnar, tungumáli andans.

Pétur S. Jónsson

Miele

Miele í eldhúsið þitt

Miele eldhústækin eru fágúð og fyrsta flokks. Þau eru búin nýjustu tækni, hönnuð af alúð og framleidd af þýskri nákvæmni.

Nýju Miele eldhústækin hafa hlotið einstakar viðtökur um alla Evrópu sem og verðlaun og viðurkenningar.

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur



EIRVÍK -há-gæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Rafvik
Verktakar ehf.
Valþór 6979797
Arnóddur 8990552

www.rafvik.is



Munið minningarkort bræðranefndar

Hægt er að panta kort
á heimasíðu Frímúrarareglunnar
www.fmr.is



BÍLAMÁLUN & RÉTTINGAR
Sími 421 2999 • www.nysprautun.is

www.nysprautun.is



Heiðartúni 2 • 250 Garði
sími 422 7103 • GSM 892 9812 • tölvupóstur: rafsi@centrum.is

sbk
Hópfærðir • Keflavík Coaches

www.spk.is



www.husanes.is



www.hsorka.is



www.nesprydi.is



www.alnabaer.is



www.kjarnafaedi.is



www.banamar.is



www.ekran.is



www.korta.is

mbl.is

JÓLAGJÖF GOLFARANS

Nikko Stirling
fjarlægðarmælir



Nikko Stirling
Mælir allt að 800 m.
Nákvæmni +/- 1 m.
Hraðvirkur
Auðveldur í notkun
Taska og ól fylgir

Frábært verð!
Aðeins 25.995,-

Veiðihornið
Síðumúla 8
108 Reykjavík
Sími 568 8410
Veidihornid.is



Afgreiðslutími
Mán. til fös. – 9 til 18
Lau. – 10 til 16

Opnunartímar bókasafna Reglunnar

Reykjavík:

Mán., þrið. og mið. kl. 17.00 – 18.30
Sunnudaga kl. 10.00 – 11.30

Akureyri:

Þriðjudaga kl. 17.00 – 18.30
Sunnudaga kl. 10.00 – 11.30

Ísafjörður:

Mánudaga kl. 8.00 – 10.00 þegar
ekki eru fundir
Sunnudaga kl. 10.00 – 12.00

Hafnarfjörður:

Mánudaga kl. 19.00 – 20.30
Laugardaga kl. 13.00 – 14.30
Sunnudaga kl. 10.00 – 11.30

Akranes:

Mán., þrið. og mið. kl. 17.00 – 18.30
Sunnudaga kl. 10.00 – 11.30

Keflavík:

Fimmtudaga kl. 20.00 – 22.00
Sunnudaga kl. 10.00 – 12.00

Selfoss:

Mán., þrið. og mið. kl. 17.00 – 18.30
Laugardaga kl. 15.00 – 17.00
Sunnudaga kl. 10.00 – 11.30

Sauðárkrúkur:

Alla þriðjud., þá daga sem ekki eru
fundir, kl. 20.00 – 21.30
Frá kl. 17.30 þá daga sem fundir eru

Mikið úrval
blöndunartækja



Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15
Smiðjuvegi 76 | 200 Kópavogi | Baldursnesi 6 | 603 Akureyri | www.tengi.is



Friðrik Guðlaugsson nýr Stm. Hamars

Þann 19. janúar síðastliðinn fór fram stólmeistarakjör í St. Jóh.st. Hamri í Hafnarfirði.

Hamarsbræður fylktu sér um Friðrik Guðlaugsson og fékk hann glæsilega kosningu, enda bróðir sem búinn er að vinna mjög óeigingjarnt starf fyrir stúkuna til margra ára.

Friðrik er fæddur 8. ágúst 1953 í Vestmannaeyjum. Hann lauk prófi frá Iðnskólanum í Vestmannaeyjum í netagerð 1973. Eins og flestir Vestmanneyingar fluttist hann upp á land 23. janúar 1973, þegar gosið hófst í Heimaey. Árið 1975 byrjaði Friðrik að læra húsasmíðar hjá Trésmíðaverkstæði Benna og Skúla hf. í Hafnarfirði, og lauk prófi þaðan 1978. Hjá þeim Benna og Skúla starfaði hann óslitið til ársins 2000, en þá urðu eigenda- og nafnaskipti á rekstrinum. Fyrirtækið heitir í dag Aðalvík ehf, og er Friðrik einn af eigendum þess, og sér um rekstur innréttingadeildarinnar. Skúli, sem er tengdafaðir Friðriks, var ekki aðeins meistari hans í faginu, hann var líka annar meðmælandi hans í stúkuna. Friðrik gekk í St.Jóh.St.Hamar 27.janúar 1987, og allar götur síðan hefur hann sýnt stúkustarfinu mikinn áhuga og tekið að sér mörg verkefni er tilheyra starfinu.

Hann var Vsm. í nokkur ár, Sm. 1997-2004 og Vm. 2004-2010. Friðrik er kvæntur Árnýju Skúladóttur og eiga þau þrjú börn.

Friðrik var settur í embætti stólmeistara Hamars 9. febrúar sl. af Vali Valssyni SMR.

Jóhann Ólafur Ársælfsson

Guðmundur Helgi Eiríksson nýr Stm. Röðuls

Þann 13. október sl. fór fram stólmeistarakjör í St. Jóh.st. Röðli á Selfossi.

Röðulsbræður fylktu sér um Guðmund Helga Eiríksson 1. varameistara stúkunnar. Þann 27. október urðu síðan stólmeistaraskipti þegar Örn Grétarsson lét af starfi eftir rúmlega fimm ára starf og Guðmundur Helgi tók við. HSM br. Allan Vagn Magnússon annaðist innsetninguna í fjarveru SMR. Fjölmenni var við innsetninguna. Guðmundur Helgi er fæddur 21. ágúst 1946 á Selfossi. Hann er verkstjóri I. að aðalstarfi. Foreldrar hans voru þau Eiríkur Bjarnason og Jónína Guðmundsdóttir. Guðmundur er kvæntur Guðfinnu Ólafsdóttur og eiga þau tvö börn, Eirík Orra og Unni.



*Guðmundur Helgi Eiríksson.
Ljósmynd: Pröstur Brynjólfsson.*

Hreiðar Hreiðarsson nýr Stm. Rúnar

Hreiðar Hreiðarsson var kjörinn nýr Stm. St. Jóh.st. Rúnar á Akureyri þann 10. nóvember sl.

Hreiðar lauk sveinsprófi í húsgagnasmíði 1969 og í húsasmíði 1971, hlaut meistararéttindi í húsasmíði 1975 og lauk meistaránámi sem lög-giltur byggingameistari 2002. Hann var flokksstjóri í brúarsmíði hjá Vega-gerð ríkisins '72-'78 en hefur verið sjálfstætt starfandi við ferðaþjónustu, veitinga- og hótélrekstur og rekstur garðyrkjustöðva frá árinu 1978.

Hreiðar hefur tekið virkan þátt í störfum ýmissa félaga og m.a. gegnt formennsku í Umf. Framtíðinni, Lionsklúbnum Vitaðsgjafa, Ferðamálafélagi Eyjafjarðar og Félagi vélsleðamanna auk annarra félags- og nefndarstarfa. Þá sat hann í Bygginganefnd Eyjafjarðar '78-'07, þar af sem formaður frá árinu 1994.

Hreiðar býr að Skák í Eyjafjarðarsveit. Hann er kvæntur Þórdísi Bjarnadóttur og eiga þau fjögur börn og 12 barnabörn.



*Hreiðar Hreiðarsson, nýr Stm.
Rúnar. Ljósmynd: Páll A. Pálsson.*

Hreiðar gekk í St. Jóh.st. Rún árið 1989. Hann var V.Y.Stv. '93-'98, Y.Stv. '98-'03, 3. Vm. '03-'04, 2. Vm. '04-'09 og 1. Vm '09-'10. Hann var settur í embætti Stm. þann 24. nóvember sl. af Vali Valssyni SMR.

Ljósmyndasafn Reglunnar hvetur til varðveislu ljósmynda

Ljósmyndasafn Frímúrarareglunnar vekur athygli bræðra á því að mikilvægt er að safninu berist afrit af öllum myndum sem teknar eru í tengslum við frímúrarastarf um allt land. Mikilvægasta hlutverk safnsins er að varðveita sögu Reglunnar í ljósmyndum.

Mikilvægt er að fá upplýsingar um þá sem eru á myndunum.

Þeir bræður sem hafa áhuga á að koma að skráningu mynda eða til að koma myndum á safnið hafi samband við Rúnar Hreinsson í síma 822 2516. Netfangið er myndir@frimur.is

Milt og gott alla ævi



Neutral þvottæfni inniheldur hvorki litarefni, ilmefni, bleikiefni né önnur aukæfni sem eru þekkt fyrir að geta kallað fram kláða og exem. Þess vegna minnkar þú hættuna á snertiofnæmi og ofnæmisviðbrögðum þegar þú þværð með Neutral – bæði hjá þér og börnunum þínum. Neutral vörurnar eru viðurkenndar af dönsku asma- og ofnæmissamtökunum.



Neutral vörurnar eru viðurkenndar af dönsku asma- og ofnæmissamtökunum.

Neutral[®]
verndar viðkvæma húð

ALLT Í VEIÐINA



VEIÐIHORNID

Metnaður okkar er að þjónusta viðskiptavini af þekkingu og reynslu og tryggja þeim ánægjulega og árangursríka veiðiferð.

MUNIÐ VINSÆLU GJAFABRÉFIN OKKAR

SAGE

SIMMS

ZPEY

RON THOMPSON

REDINGTON



HARDY

SCIERRA

GREYS
BORN TO FISH



Scientific
Anglers

MAXIMA
Fishing Line